

Fjölmenningarstefna

Júní 2017





Formáli

Eyþing eru samtök sveitarfélaga við Eyjafjörð og í Þingeyjarsýslu. Sveitarfélögin eru þrettán talsins og þar bjuggu 29.685 íbúar 1. janúar 2017. Af þessum 29.685 íbúum voru 1.682 með erlent ríkisfang eða 5,7% íbúanna. Íbúar með erlent ríkisfang eru nú 634 fleiri en 1. janúar 2010 en á sama tíma er fjölgun íbúa á Norðurlandi eystra samtals 679.

Hlutverk sveitarfélaganna er að sinna lögbundnum verkefnum sveitarfélaga auk valkvæðra verkefna til hagsbóta fyrir íbúana og framtíð sveitarfélaganna eftir því sem fjárhagur og aðstæður leyfa á hverjum tíma.

Íbúarnir eru verðmætasta auðlind hvers samfélags og því er það mikilvægt verkefni sveitarfélaganna að taka vel á móti nýjum íbúum, íslenskum sem erlendum. Í þeim tilgangi að vekja til umhugsunar um mikilvægi þessa þáttar hafði stjórn Eyþings forystu um að setja saman Fjölmenningsstefnu og Handbók um móttöku innflytjenda í skóla árið 2009.

Fyrri stefna virðist ekki hafa verið mikið notuð. Sveitarfélögin virðast ekki hafa nýtt sér hana sem fyrirmynd eða grunn að eigin stefnumótun. Þá hefur komið í ljós að Handbók um móttöku innflytjenda í skóla hefur verið lítið notuð og í svörum við fyrirspurnum könnuðust margir núverandi skólastjórar á svæði Eyþings ekki við handbókina og höfðu því ekki nýtt hana. Sumir svöruðu því til að þeir vissu af henni en hefðu ekki haft þörf fyrir hana þar sem engir innflytjendur hefðu komið í skóla þeirra.

Í febrúar 2017 samþykkti stjórn Eyþings að skipa þriggja manna starfshóp til að endurskoða fjölmenningsstefnu Eyþings frá 2009 ásamt handbók um móttöku innflytjenda í skóla. Í starfshópnum sátu Gunnar Gíslason, ráðgjafi, Helga Hauksdóttir, kennsluráðgjafi hjá fræðsluviði Akureyrar og Linda Margrét Sigurðardóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri hjá Eyþingi. Starfshópurinn leitaði víða gagna og upplýsinga og vill þakka öllum sem til var leitað fyrir aðstoðina. Sérstakar þakkir fær Zane Brikovska hjá Alþjóðastofu Akureyrarbæjar fyrir sitt framlag, en hún las drögin yfir og kom í ferlinu með afar gagnleg sjónarmið og upplýsingar sem mikið tillit var tekið til. Starfshópurinn lagði drög að fjölmenningsstefnu fyrir stjórnarfund Eyþings í ágúst 2017.



Starfshópurinn lagði áherslu á að setja fyrst og fremst fram markmið og leiðir sem falla undir verksvið sveitarfélaga og þau hafa bein eða óbein áhrif á með ákvörðunum sínum. Þá var markmiðum fækkað og þau afmörkuð betur miðað við fyrri stefnu. Aðstæður sveitarfélaganna eru ólíkar og geta áherslur á hverjum tíma verið mismunandi milli þeirra. Stefna verður ekki lifandi nema um hana skapist umræða með reglubundnum hætti, þar sem markmið, leiðir og árangur eru metin með skipulögðum hætti. Hvert sveitarfélag þarf að setja sér sína eigin stefnu og getur þá notað sameiginlega stefnu Eypings sem grunn til að byggja á.

Starfshópurinn bendir á að Reykjavíkurborg hefur sett fram ítarlega og greinargóða Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál. Hana má nálgast á vef Skóla- og frístundasviðs. Ekki er talin ástæða til að heimfæra móttökuáætlunina yfir á svæði Eypings þar sem ætla má að hvert sveitarfélag þurfi hvort heldur sem er að aðlaga slíka áætlun að sínu stjórnkerfi. Því bendir starfshópurinn sveitarfélögum innan Eypings á að leita eftir heimild Reykjavíkurborgar til að heimfæra áætlunina á sínar aðstæður og skipulag.

Starfshópurinn leggur til að sem hluta af þessari stefnu verði samþykkt að Eyping kalli saman ábyrgðaraðila sveitarfélaga um málefni innflytjenda einu sinni á ári til að veða og meta þjónustu við innflytjendur og hvað megi betur gera. Niðurstöður fundar séu teknar saman, gerðar opinberar og geti þannig verið hluti af umbótaáætlunum sveitarfélaga á svæðinu.

Gunnar Gíslason

Helga Hauksdóttir

Linda Margrét Sigurðardóttir





Inngangur

Fólksflutningar hafa alltaf fylgt mannkyninu. Alþjóðavæðing með nýrri tækni í samskiptum, betri samgöngum, opnari landamærum og frjálsu flæði vinnuafis innan Evrópu hafa gert fólki auðveldara að flytjast á milli landa. Þetta hefur leitt til þess að í auknum mæli velur fólk að búa annars staðar en það á sér uppruna. Ísland hefur ekki farið varhluta af þessari þróun og á sama hátt og Íslendingar velja að búa erlendis um lengri eða skemmri tíma flytjast erlendir ríkisborgarar til landsins í leit að vinnu eða í skjól vegna aðstæðna í heimalandi.

Lög um málefni innflytjenda eru frá árinu 2012 með breytingum frá 2014. Markmið laganna er að stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. Markmiðinu skal náð m.a. með því að hagsmunir innflytjenda verði samþættir allri stefnumótun, stjórnslu og þjónustu hins opinbera, að stuðlað verði að víðtæku samstarfi og samþættingu aðgerða og verkefna milli allra aðila sem að málefnum innflytjenda koma, að fræðsla um samfélag og miðlun upplýsinga um málefni innflytjenda án fordóma verði eflt og stuðlað verði að og stutt við rannsóknir og þróunarverkefni í málefnum innflytjenda.

Á þessum grundvelli er sú stefna sem hér birtist sett fram. Innflytjendur eru langt í frá einsleitur hópur, heldur ólíkt fólk frá mörgum þjóðlöndum, með ólíkan menningarlegan bakgrunn, ólíka trú, mismunandi skoðanir og viðhorf. Til allra þessara þátta þarf að líta þegar aðlögun að samfélagi er skipulögð á hverju svæði fyrir sig. Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga að aðlögun þarf að vera gagnkvæm og þeir íbúar sem fyrir eru þurfa að aðlagast breyttu samfélagi, sérstaklega þar sem innflytjendur eru orðnir stór hluti íbúa, eins og víða er á landsbyggðinni.

Fræðsla og umræða eru mikilvægir þættir í fjölmennningarlegu samfélagi miðað við niðurstöður rannsóknar Guðrúnar Pétursdóttur (2012) um *Birtingarmyndir dulinna fordóma og mismununar í garð innflytjenda á Íslandi*, en hún segir á bls. 5:

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 93% þátttakenda rannsóknarinnar af erlendum uppruna höfðu upplifað einhverja birtingarmynd dulinna fordóma einu sinni eða oftár á því 14 daga tímabili sem þeir fylgdust með framkomu gagnvart sér. Aðeins 35,2% þeirra Íslendinga sem þátt tóku í rannsókninni hafði upplifað það sama gagnvart sér einu sinni eða oftár á jafn löngum tíma. Á þessum niðurstöðum var marktækur munur, sem gefur til kynna að hér sé ekki um tilviljun að ræða, heldur sé



Þessi munur á upplifunum Íslendinga og fólks af erlendum uppruna raunverulegur í samfélaginu.

Innflytjendur þurfa einnig að átta sig á menningu, trú, siðum og venjum Íslendinga og bera virðingu fyrir þeim. Fræðsla og skilningur er lykill að gagnkvæmri virðingu íbúa hvers samfélags sem gerir þeim kleift að lifa í sátt og samlyndi, þrátt fyrir ólíkan bakgrunn, trú og viðhorf til lífsins.

Það má ekki gleymast að innflytjendur eru fólk sem kemur hingað með ólíka menntun, reynslu, menningu og skoðanir. Það er ekki óskrifað blað. Til þessara þátta þarf að taka tillit í aðlögunarferlinu. Þar sem ólíkir menningarheimar mætast verður gjarnan til suðupottur hugmynda og þannig fæst önnur og ný sýn á verkefni og umhverfi hins daglega lífs. Í þessu felst styrkur hvers samfélags, ef það nýtir sér fjölbreyttan mannaud með jákvæðu hugarfari.





Megininntak

Leiðarljós fyrir sveitarfélögin:

Lykillinn að íslensku samfélagi er kunnátta í íslensku, þekking á íslensku samfélagi og gildi fjölmenningar.

Framtíðarsýn Eyþings í málefnum innflytjenda:

Grunngildi samfélagsins einkennast af víðsýni, virðingu og samkennd þar sem litið er á ólíkan bakgrunn íbúanna sem auðlind. Samfélagið tekur vel á móti innflytjendum og styður þá til góðra verka, en væntir þess að allir virði menningu og siði þess samfélags sem þeir kjósa að búa í.

Meginstefna Eyþings í málefnum innflytjenda:

Að allir íbúar sveitarfélaganna njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu á sem flestum sviðum mannlífsins. Að innflytjendur skynji að þeir séu velkomnir og að þeir búi við öryggi.

Skilgreining á hugtakinu innflytjandi: Með hugtakinu innflytjandi (e. immigrant) er átt við útlending sem sest hefur að til langframa í landinu en er fæddur erlendis eða báðir foreldrar einstaklings séu fæddir erlendis eða hafi einhvern tíma haft erlent ríkisfang. Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli, en með móðurmáli er átt við það tungumál er barn lærir fyrst (Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Félagsmálaráðuneytið, jan. 2007).





Stjórnsýsla – sveitarfélög

1. markmið

Að tekið sé vel á móti innflytjendum og öll þjónusta sveitarfélaganna við þá sé samþætt og allar grunnupplýsingar aðgengilegar á einum stað.

Leiðir:

- Einn þjónustustaður og ábyrgðaraðili – þjónustufulltrúi sveitarfélagsins sem upplýsir og aðstoðar (kennitala, lögheimili, heilbrigðisskoðun, dvalarleyfi o.fl.).
- Gott aðgengi að túlkaþjónustu.
- Sveitarfélagið setji á fót þverfaglegt teymi til samráðs og til að samhæfa þjónustu sveitarfélagsins við innflytjendur.

2. markmið

Að sveitarfélög vinni markvisst að því að auka þátttöku innflytjenda í umræðum og starfi sem tengist stjórnsýslu sveitarfélaganna, upplýsi innflytjendur um réttindi og skyldur og hvetji þá til þátttöku í almennum kosningum.

Leiðir:

- Innflytjendaráð verði sett á fót sem formlegur umsagnaraðili í stjórnkerfi sveitarfélaga um málefni sem snerta þá sérstaklega.
- Kjörstjórn auglýsi framkvæmd kosninga á fleiri tungumálum.
- Stjórnmalaflokkar séu hvattir til að kynna stefnuskrá sína á fleiri tungumálum en íslensku.

3. markmið

Að sveitarfélögin auki almenna upplýsingagjöf til íbúa sinna á fleiri tungumálum en íslensku.

Leiðir:

- Fjölmenningarstefnur sveitarfélaganna séu aðgengilegar á nokkrum tungumálum á heimasíðum.
- Heimasíður sveitarfélaga verði settar upp á fleiri tungumálum.
- Stofnanir sveitarfélaganna séu með merkingar á erlendum tungumálum.





Pjónusta

4. markmið

Að sérhæfð túlkapjónusta sé aðgengileg.

Leiðir:

- Að til séu leiðbeiningar um notkun túlka, fyrir skóla, félags- og heilbrigðisþjónustu.
- Vakin sé athygli á möguleikum á staðtúlkun og fjartúlkun og möguleika á samnýtingu þegar hægt er.
- Sveitarfélög sameinist um að bjóða upp á námskeið fyrir samfélagstúlka.

5. markmið

Að tiltækum úrræðum sé beitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun innflytjenda og hvetja þá til þátttöku í menningarstarfi og sporna þannig markvisst gegn fordómum.

Leiðir:

- Fræðsla um fjölmenningu og alþjóðavæðingu.
- Fræðsla um neikvæðar afleiðingar fordóma.
- Leita skal leiða og samstarfs við ýmis félög, s.s. Rauða krossinn og ýmis fræðslu- og góðgerðasamtök.

6. markmið

Að unnið verði markvisst að því að stuðla að þátttöku barna innflytjenda í íþrótt- og tómstundastarfi.

Leiðir:

- Upplýsingagjöf (rafrænn bæklingur) á nokkrum tungumálum um íþróttir og tómstundir, m.a. í samstarfi við íþróttafélög, skóla og félagsþjónustu.
- Á starfslista félagsmiðstöðva séu einstaklingar úr hópi innflytjenda.
- Kveðið verði á um þjónustu við innflytjendur í samningum sveitarfélaga og íþróttafélaga, t.d. með tímabundinni niðurfellingu æfingagjalda.
- Stuðlað að myndun tengslanets þannig að íslenskur iðkandi taki með sér gesti á nokkrar íþróttæfingar.

7. markmið

Að hæfni og þekking starfsfólks skóla- og félagsþjónustu sé eflað í þjónustu við innflytjendur.

Leiðir:

- Starfsfólki sveitarfélaga verði boðið upp á sértæka fræðslu og námskeið til þess að sinna starfi sínu eins og best verður á kosið.



8. markmið

Að taka vel og með markvissum hætti á móti nemendum í leik- og grunnskóla, styrkja sjálfsmynd þeirra og að tryggja eftirfylgni, a.m.k. fyrstu tvö árin. Við upphaf skólagöngu upplýsi starfsfólk skóla börn og foreldra um siði, venjur og náttúrufar nýrra heimkynna.

Leiðir:

- Til sé móttökuferli um hvernig taka skal á móti börnum innflytjenda. Einn aðili í skólanum beri ábyrgð á upplýsingagjöf og eftirfylgni með innflytjendum, a.m.k. fyrstu tvö árin í skólanum.
- Túlkabjónusta sé aðgengileg og nýtt.
- Nemendum sé ekki hafnað þó kennitölu vanti við innskráningu.
- Nemendur frá landi utan EES verði að skila inn heilbrigðisvottorði áður en þeir byrja í skóla óháð því hvort kennitala liggur fyrir eða ekki.
- Nemendur á grunnskólaaldri fái tækifæri til að viðhalda móturmáli sínu sem verði boðið upp á eftir því sem tók eru á. Skólarnir skapi vettvang, t.d. með fjarkennslu og í samvinnu við foreldra, til þess að halda utan um móturmálskennslu.

9. markmið

Að foreldrar leik- og grunnskólabarna fái sem gleggsta mynd af íslensku skólakerfi og skólastarfi. Sérstaklega skal huga að þátttöku þeirra í öllu starfi skólans og vinna gegn einangrun.

Leiðir:

- Rafrænir upplýsingabæklingar á helstu tungumálum, t.d. um menningu, hátíðisdaga, hefðir skóla, foreldrasamstarf, heimanám o.fl.
- Skoða möguleika á vinnufjölskyldum, t.d. innan bekkja/árganga til að styðja fjölskyldur innflytjenda fyrstu skrefin.

10. markmið

Að öflugt samstarf sé milli leik,- grunn- og framhaldsskóla. Sérstaklega skal vinna gegn brottfalli innflytjenda úr framhaldsskóla.

Leiðir:

- Skipulegt samstarf milli leik,- grunn- og framhaldsskóla á svæðinu og upplýsingagjöf milli skólastiga um erlenda nemendur.
- Upplýsingar á nokkrum tungumálum um framhaldsskóla á svæðinu séu aðgengilegar.



11. markmið

Að vinna að því að fullorðnir innflytjendur eigi kost á, og hafi sem jafnastan aðgang að, góðri íslenskukennslu, samfélagsfræðslu og fræðslu um íslenskt náttúrufar.

Leiðir:

- Sveitarfélögin séu í fararbroddi í að bjóða erlendum starfsmönnum sínum á námskeið í vinnutíma og skilgreini aðkomu sína, t.d. með því að:
 - styðja við kennsluna, s.s. með því að leggja til húsnæði.
 - styrkja nemendur á námskeið.
- Samfélagsfræðsla og fræðsla um íslenskt náttúrufar sé fléttuð inn í íslenskunám fyrir innflytjendur.
- Komið verði á formlegri samvinnu aðila sem málinu tengjast, s.s. sveitarfélaga, verkalýðsfélaga, atvinnurekenda og fræðsluaðila.





Atvinnumál

12. markmið

Að sveitarfélögin gangi á undan með góðu fordæmi við auglýsingar starfa og ráðningarferli sem hvetji innflytjendur til að sækja um störf í auknum mæli.

Leiðir:

- Að auglýsingar á vegum sveitarfélaga séu á fleiri tungumálum en íslensku.
- Að umsækjendum standi til boða aðstoð við umsóknarferlið, sé þess óskað.

13. markmið

Að sveitarfélögin gangi á undan með góðu fordæmi við ráðningar í störf, þannig að innflytjendur hafi jöfn tækifæri og aðrir við ráðningar, sérstaklega í störf sem krefjast fagmenntunar.

Leiðir:

- Að sveitarfélögin bjóði upp á starfsþjálfun og endurmenntun í þessum tilgangi sem stuðning í starfi eftir að komið hefur verið á ráðningarsambandi.

14. markmið

Sveitarfélög leiti leiða, í samvinnu við Vinnumálastofnun og aðrar stofnanir, til að auka starfsþjálfun og starfsmöguleika innflytjenda.

Leiðir:

- Að sveitarfélögin gangi á undan í því að bjóða upp á starfsþjálfun, endurmenntun og aðgang að starfstengdu námi.
- Að innflytjendum sé bent á frumkvöðlasetur þar sem þau eru og þeim leiðbeint með umsóknir að þeim og frumkvöðlastyrkjum.





Gagnlegar vefslóðir

Lög og reglugerðir um málefni innflytjenda

[Lög um málefni innflytjenda nr. 116/2012](#) (samþykkt á Alþingi 13. nóvember 2012)
[Lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002.](#)
Reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga [nr. 339/2005.](#)
[Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016 - 2019](#)
[Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda](#)
[Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952.](#)
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2016080.html>
<http://www.mbl.is/media/18/618.pdf> (Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. 2007).

Almennar upplýsingar og þjónusta

<http://www.asetur.is/> (túlkabjónusta, þýðendabjónusta)
<https://www.akureyri.is/is/thjonusta/velferd-og-fjolskyldan/althjodastofa> (Alþjóðastofa í Ráðhúsi Akureyrar)
<http://www.mcc.is/> (Fjölmenningarsetur. Að flytja til Íslands)
<http://www.mcc.is/tulkun-og-upplýsingar/fyrstu-skrefin-upplýsingabaeklingur/>

Heilbrigðisþjónusta

<https://www.heilsugaeslan.is/fraedsla/tannvernd/gjaldfrialsar-tannlaekningar/>
(upplýsingar um gjaldfrialsar tannlækningar á ensku, pólsku og litháísku).
<https://www.heilsugaeslan.is/fraedsla/tannvernd/> (Dreifibréf til foreldra um tannhirðu og gjaldfrialsar tannlækningar á 10 tungumálum).

Íslenska og upprunamál

<http://tungumalatorg.is> (Að læra íslensku)
www.simey.is (Að læra íslensku)
<http://www.modurmal.com/> (Að viðhalda móðurmáli sínu – foreldravefur)
<http://www.ordabok.is/> (*Ordabok.is* is an online Icelandic-English and English-Icelandic dictionary).
<http://malid.is/> (Upplýsingar um íslenskt mál og málnotkun, t.d. fallbeygingu).
http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/namskra_islenska_fyrir_utlendinga_21.pdf (Námskrá: Íslenska fyrir útlendinga – grunnnám).



Lög um leik- og grunnskóla

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/04/Compulsory-School-Act-No.-91-2008.pdf> (Lög um grunnskóla á ensku).

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/04/Preschool_Act.pdf
(Lög um leikskóla á ensku).

Upplýsingar fyrir foreldra leik-og grunnskólabarna

<https://www.aarhus.dk/da/borger/familie-boern-og-unge/Pasning/Dit-barns-sprog-og-laesning/Pjecer-til-foraelldre.aspx> (Leiðir fyrir foreldra til að örva málþroska og mál- og lesskilning barna frá fæðingu til 12 ára aldurs. Bæklingar á ellefu tungumálum).

https://www.adhd.is/static/files/PDFskjol/adhd_grunnbaeklingur_enska_net.pdf
(Grunnbæklingur um ADHD á ensku)

<https://www.adhd.is/static/files/PDFskjol/adhd-grunnbaeklingur-polska.pdf>
(Grunnbæklingur um ADHD á pólsku)

Vefslóðir tengdar skólastarfi

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnaymsumtungumalum.html>
(Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna á ýmsum tungumálum).

www.bornogtonlist.net (Um tónlistarstarf í leikskólum. Þar er hægt að finna lög og texta á mörgum tungumálum til að syngja með börnum)

<http://www.tungumalergjof.com> (Vefur fyrir leikskólakennara til að skipuleggja vinnu með málörvun)

<http://erlendir.akmennt.is> (Vefur fyrir kennara með verkefnum sem henta erlendum nemendum, aðlöguðu námsefni og ýmsum upplýsingum á nokkrum erlendum tungumálum).

http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_uppsett.pdf

Heimurinn er hér. Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf.

<http://reykjavik.is/handbok-um-mottoku-barna-med-annad-modurmál-en-íslensku-i-skipulagt-fristundastarf>

Handbók um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í skipulagt frístundastarf.





Viðauki 1

Móttaka innflytjenda

Sveitafélögin skulu leggja sig fram um að bjóða innflytjendur velkomna sem nýja og fullgilda íbúa. Innflytjendum skal sent bréf þar sem bent er á rafrænar upplýsingar, heimasíðu sveitarfélags og aðra aðstoð sem sveitarfélagið veitir, s.s. móttökuviðtal ef óskað er.



Móttökuviðtal

Dæmi um atriði sem gott er að komi fram:

- Þjónusta sveitarfélagsins og heilbrigðisþjónustunnar er kynnt:
 - Skrifstofa sveitarfélagsins
 - Grunn- og leikskólar
 - Sorphirða /gámasvæði
 - Fráveita og vatnsveita
 - Þjónustumiðstöð
 - Félagsþjónusta s.s. leiguhúsnæði, húsaleigubætur, forvarnastarf, útivistarreglur og fjárhagsaðstoð.
 - Íþrótt- og æskulýðsstarf
 - Heilsugæslustöðvar – kynna rétt til heilbrigðisþjónustu miðað við réttindastöðu viðkomandi
 - Sjúkrahús
- Þeir aðilar sem sinna málefnum innflytjenda í sveitarfélaginu eru kynntir, nöfn, símanúmer og netföng:
 - t.d. starfsfólk á skrifstofu sveitarfélagsins, bókasafni eða skóla
- Upplýsinga um hvort allir pappírar séu í lagi er aflað:
 - Kennitala
 - Dvalar- og atvinnuleyfi
 - Lögheimili – *réttur til almannatrygginga, þjónustu sveitarfélags o.fl.*
 - Gengið er úr skugga um að öll gögn sem þarf að leggja fram til opinberra aðila séu á íslensku, ensku eða á norðurlandamáli og þýdd af löggiltum skjalapýðanda
 - Skattkort
 - Sjúkratryggingar – *sérstakar sjúkratryggingar þarf að kaupa þar til viðkomandi kemst inn í almannatryggingakerfið, ath. undantekning ef til staðar er E-104 vottorð*
 - Heilbrigðisvottorð – *fyrir ríkisborgara utan EES (undantekningar innan EES eru Rúmenía og Búlgaría– undantekningar utan EES eru Sviss, Bandaríkin, Kanada, Ástralía og Nýja Sjáland sem ekki þurfa að framvísa heilbrigðisvottorði)*
- Frekari upplýsingar gefnar sem og væntingar innflytjenda við komuna í sveitarfélagið kannaðar
 - Réttur til túlkþjónustu er kynntur
 - Möguleikar til náms kynntir – íslenskukennsla o.fl.
 - Möguleikar til þátttöku í félagsstarfi kynntir
 - Réttindi og skyldur á vinnumarkaði kynntar – Samstarf við verkalýðsfélög
 - Starf trúfélaga í sveitarfélaginu kynnt – ef þess er óskað



Gátlisti / eftirfylgniviðtal, t.d. eftir ársdvöl

Dæmi um spurningar:

Hvaða væntingar hafðir þú til sveitarfélagsins þegar þú fluttir?

Hvernig hefur væntingum þínum verið mætt af hálfu sveitarfélagsins?

Ef ekki hvernig hefði mátt gera betur?

Finnst þér menntun þín og hæfileikar nýtast innan samfélagsins?

Tekur þú þátt í félagsstarfi í þínu sveitarfélagi?

Hefur þú sótt íslenskunámskeið?

Hafa námskeiðin mætt þínum þörfum?

Hafa öll tilskilin leyfi verið afgreidd? Ert þú kominn inn í almannatryggingakerfið á Íslandi?


Hefur þú gert grein fyrir tekjum og talið fram til skatts á Íslandi

Sérðu fyrir þér áframhaldandi búsetu í sveitarfélaginu?





Viðauki 2. Flæðirit fyrir móttöku barns innflytjanda í skóla





Heimildir

Eyþing. Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. 2009. *Fjölmenningsstefna*.

Guðrún Pétursdóttir. 2012. *Um birtingarmyndir dulinna fordóma og mismununar í garð innflytjenda á Íslandi*. Reykjavík, InterCultural Ísland. Sótt 23.06.2017 af:

http://www.ici.is/assets/Birtingarmyndir_dulinna_ford%C3%B3ma_og_mismununar_2012_x.pdf

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Félagsmálaráðuneytið, jan. 2007

Sótt 19.06.2017 af <http://www.mbl.is/media/18/618.pdf>

